

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Landspítala Íslands.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningargjafasjóður Landspítala Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Tilgangur hans er að stuðla að bættri meðferð sjúklinga, m.a. með styrkveitingum til þeirra eða aðstandenda þeirra og til tækjakaupa fyrir sjúkrahús.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1916 og hefur ávaxtast og aukist síðan, m.a. með framlögum sem til hans hefur verið veitt til minningar um látna menn.

3. gr.

Við staðfestingu skipulagsskrár þessarar er eigið fé sjóðsins kr. 315.255.583. Af þeirri fjárhæð er höfuðstóll að fjárhæð kr. 692.000 sem óheimilt er að skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru minningargjafir um látna menn, fjármagnstekjur og eftir atvikum aðrar tekjur.

5. gr.

Eignir sjóðsins skal varðveita og ávaxta á sem tryggastan hátt samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 einstaklingar. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann, ritara og gjaldkera en meðstjórnendur eru tveir. Í forföllum formanns ákveður stjórnin hver vera skuli staðgengill hans. Verði sæti autt í stjórninni vegna úrsagnar eða þess að einhverjum er ókleift að sinna stjórnarstörfum skulu aðrir stjórnarmenn kjósa nýjan stjórnarmann í stað viðkomandi.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður allar styrkveitingar úr sjóðnum og ráðstöfun á tekjum hans. Setur stjórnin reglur um umsóknir, meðferð þeirra og fylgigögn svo og um úthlutun fjármuna úr sjóðnum.

8. gr.

Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal fara fram eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa tekjum hans að frádregnum gjöldum:

- I. Til að styrkja sjúklinga sem þarfnað dvalar á sjúkrastofnum erlendis vegna þess að ekki er kostur á sams konar meðferð hér á landi. Slík styrkveiting er bundin því skilyrði að fyrir liggi umsögn læknis í viðkomandi sérgrein sem staðfesti nauðsyn utanfarar í þessu skyni.
- II. Til að styrkja foreldra barns sem á við alvarleg eða langvinn veikindi og/eða fötlun að striða, vegna ítrekaðra læknismeðferða og/eða rannsókna á barninu hér á landi. Styrk má

Nr. 409

28. mars 2007

m.a. veita vegna kostnaðar af nauðsynlegum ferðalögum og uppihaldi foreldranna. Stjórn sjóðsins metur hverju sinni hvaða gögn þarf með slíkum umsóknum til staðfestingar á nauðsyn styrkveitingar.

9. gr.

Ef enn er fé til ráðstöfunar í árslok, þegar styrkir hafa verið greiddir út, er stjórn sjóðsins heimilt að verja helmingi þess fjár sem þá er afgang til kaupa á tækjum og búnaði sem Landspítali - háskólasjúkrahús þarfnað til meðferðar á sjúklingum. Stjórnin ákveður hvort slíkir fjármunir skuli teknir frá og safnað þannig að afhending skuli fara fram með reglulegu millibili, t.d. á tveggja ára fresti. Komi í ljós að Landspítali - háskólasjúkrahús telji sig ekki hafa þörf fyrir fjárveitingar í þessu skyni er stjórninni heimilt að veita slíkum fjármunum til annarra sjúkrahúsa hér á landi.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin velur og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

11. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari eða fella hana niður.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari en við staðfestingu hennar fellur úr gildi skipulagsskrá sjóðsins frá 5. maí 1961.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 28. mars 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2007